

Umhverfis- og samgöngunefnd
Alþingi

Reykjavík, 10. maí 2024
Tilvísun: 2024050820/HSP

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um framkvæmdanefnd vegna jarðhræringa í Grindavíkurbæ

1.

Persónuvernd vísar til beiðni umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis frá 7. maí 2024 um umsögn um frumvarp til laga um framkvæmdanefnd vegna jarðhræringa í Grindavíkurbæ (þskj. 1628, 1095. mál á 154. löggjafarþingi).

Með frumvarpinu er fyrirhugað að setja á fót framkvæmdanefnd vegna jarðhræringa í Grindavíkurbæ, en nokkuð mörg ákvæði frumvarpsins fjalla um verkefni sem fela í sér vinnslu persónuupplýsinga eða breytingar á fyrirkomulagi slíkra verkefna.

Fyrirhugað er að nefndin fari með nánar tilgreind verkefni, sbr. einkum 3. gr. frumvarpsins. Þar er jafnframt gert ráð fyrir að ráðherra geti falið nefndinni að vinna að gagnasöfnun og rannsóknum einstakra samfélagslegra atriða sem leiða af afleiðingum jarðhræringanna, í samvinnu við aðra aðila. Þá fær sveitarstjórn Grindavíkurbæjar heimild til að fela framkvæmdanefnd ábyrgð á lögbundnum og ólögbundnum verkefnum sveitarfélagsins, sbr. nánari fyriræli í 4. gr. frumvarpsins. Framkvæmdanefndinni verður auk þess heimilt að semja við sveitarstjórn Grindavíkurbæjar, önnur stjórnvöld og einkaaðila um framkvæmd verkefna sem falla undir verksvið nefndarinnar, og er jafnframt gert ráð fyrir að hún geti ákveðið að fela einstökum nefndarmönnum, starfsfólki nefndarinnar eða öðrum fullnaðarafgreiðslu mála, sbr. nánar ákvæði 5. gr. frumvarpsins. Þá hefur nefndin heimild til að kalla eftir gögnum frá Grindavíkurbæ og öðrum stjórnvöldum, sbr. 6. gr. frumvarpsins.

Af gefnu tilefni vill Persónuvernd taka fram að vegna skamms tíma sem stofnuninni var veittur til yfirferðar frumvarpsins hefur ekki gefist svigrúm til að kanna til hlítar öll þau álitæfni sem æskilegt hefði verið að huga að í umsögn þessari. Með þeim fyrirvara gerir Persónuvernd þó eftirfarandi athugasemdir:

2.

Þau verkefni sem framkvæmdanefndin fær í hendur samkvæmt frumvarpinu eru að mörgu leyti verkefni sem almennt væru á hendi sveitarfélagsins Grindavíkurbæjar. Sú vinnsla persónuupplýsinga sem sveitarfélög bera ábyrgð á er umfangsmeiri en hjá flestum öðrum ábyrgðaraðilum á landsvísu, auk



Þess sem upplýsingarnar sem um ræðir eru í mörgum tilvikum viðkvæmar eða viðkvæms edlis, og varða að einhverju leyti viðkvæma hópa fólks. Sem dæmi má nefna upplýsingar sem ætla má að verði unnið með á grundvelli a-liðar 3. gr. frumvarpsins, þ.e. upplýsingar tengdar félagsþjónustu, barnaverndarþjónustu, þjónustu við fatlað fólk og aðra viðkvæma hópa, svo sem börn og aldraða. Afar mikilvægt er því að hugað sé að persónuverndarsjónarmiðum þegar breytingar eru gerðar á fyrirkomulagi slíkra málaflokka. Þá er mjög mikilvægt að huga að öryggi þeirra, áður en slíkar breytingar eru gerðar.

Af yfirferð frumvarpsins að ráða virðist hins vegar ekki hafa verið hugað að persónuverndarsjónarmiðum svo nokkru nemi en engin ákvæði eru í frumvarpinu sem lúta að persónuvernd. Þá er í greinargerð með frumvarpinu einungis vísað til vinnslu persónuupplýsinga á einum stað, þ.e. í athugasemdum við áður nefnda 4. gr. þess, þar sem segir að í ákvæðinu sé áréttað að ákveði sveitarstjórn að fela framkvæmdanefnd að taka við lögbundnum verkefnum sveitarstjórnar hafi nefndin sömu ábyrgð, hlutverk og valdheimildir og sveitarstjórn hafi, en í því felist allar valdheimildir til ákvarðanatöku og annarra athafna, þar á meðal til vinnslu persónuupplýsinga. Ekki verður séð á frumvarpinu að hugað hafi verið að persónuvernd í tengslum við önnur ákvæði sem talin voru upp hér að framan.

3.

Að mati Persónuverndar er þörf á að við frumvarpið verði bætt skýru lagaákvæði um heimildir framkvæmdanefndarinnar til að vinna með persónuupplýsingar, þar á meðal viðkvæmar persónuupplýsingar, í þágu tilgreindra, afmarkaðra verkefna.

Öll vinnsla persónuupplýsinga þarf að styðjast við vinnsluheimild í persónuverndarlögunum. Heimildir til vinnslu persónuupplýsinga eru tæmandi taldar í 9. gr. laga nr. 90/2018, sbr. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679. Í ákvæðum sérlaga er hægt að setja grundvöll fyrir vinnsluheimild, t.d. skv. 3. og 5. tölul. 9. gr. laga nr. 90/2018, sbr. c- og e-liði 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679.

Eins og áður kom fram gerir frumvarpið jafnframt ráð fyrir vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga í skilningi persónuverndarlöggjafarinnar, sbr. 3. tölul. 3. gr. laga nr. 90/2018 og 1. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679. Njóta slíkar upplýsingar sérstakrar verndar samkvæmt persónuverndarlöggjöfinni og felur aðgangur óviðkomandi að þeim í sér alvarlega áhættu fyrir réttindi og frelsi skráðra einstaklinga.

Sé unnið með viðkvæmar persónuupplýsingar nægir ekki heimild samkvæmt 9. gr. laga nr. 90/2018, sbr. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar, heldur þarf einnig að vera uppfyllt minnst eitt af viðbótarskilyrðunum í 1. mgr. 11. gr. laganna, sbr. 2. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar. Mörg þeirra skilyrða sem helst koma til greina í tengslum við ákvæði frumvarpsins gera kröfu um að vinnslan fari fram á grundvelli laga sem kveðja á um videigandi og sértækar ráðstafanir til að vernda grundvallarréttindi og hagsmuni hins skráða. Ekki verður séð af greinargerð með frumvarpinu að hugað hafi verið að fyrrgreindum ráðstöfunum. Telur Persónuvernd brýnt að bætt verði úr því.

4.

Þá þarf öll vinnsla persónuupplýsinga að samrýmast meginreglum 1. mgr. 8. gr. laga nr. 90/2018 og 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679. Samkvæmt 6. tölul. lagaákvæðisins og f-lið ákvæðis reglugerðarinnar skulu persónuupplýsingar unnar með þeim hætti að videigandi öryggi þeirra sé tryggt.



Persónuvernd telur mikilvægt að gerðar verði breytingar á frumvarpinu í því skyni að tryggja öryggi þeirra upplýsinga sem fyrirhugað er að verði miðlað á grundvelli þess, ýmist til framkvæmdanefndarinnar eða frá henni, til annarra stjórnvalda eða einkaaðila, þar á meðal einstaklinga. Hafa verður í huga að öryggisvitund fólks er mismikil og því gera persónuverndarlögin ákveðnar lágmarkskröfur við þessar aðstæður, en svo dæmi sé nefnt getur hér þurft að huga að því að gera vinnslusamninga í samræmi við ákvæði persónuverndarlöggjafarinnar.

Um öryggi persónuupplýsinga er nánar fjallað í 32. gr. reglugerðarinnar, sbr. 1. mgr. 27. gr. laganna. Samkvæmt 1. mgr. ákvæðis reglugerðarinnar skal ábyrgðaraðili með hliðsjón af nýjustu tækni, kostnaði við framkvæmd og eðli, umfangi, samhengi og tilgangi vinnslunnar og áhættu, mislíklegri og misalvarlegri, fyrir réttindi og frelsi einstaklinga, gera viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir til að tryggja viðunandi öryggi miðað við áhættuna, svo sem geta tryggt viðvarandi trúnað, samfellu, tiltækileika og álagsþol vinnsluferfa og -þjónustu (b-liður) og taka upp ferli til að prófa og meta reglulega skilvirkni tæknilegra og skipulagslegra ráðstafana til að tryggja öryggi vinnslunnar (d-liður). Þegar viðunandi öryggi er metið skal einkum hafa hliðsjón af þeirri áhættu sem vinnslan hefur í för með sér, t.d. að upplýsingar verði birtar eða að aðgangur verði veittur að þeim í leyfisleysi, sbr. 2. mgr. 32. gr. reglugerðarinnar.

5.

Að lokum áréttar Persónuvernd mikilvægi þess að tilgreina jafnframt hvað verður um þau gögn og persónuupplýsingar sem framkvæmdanefndin vinnur með þegar starfstíma hennar lýkur.

Persónuvernd ítrekar að vegna skamms tíma sem stofnuninni var veittur til umsagnar hefur ekki gefist svigrúm til að taka til athugunar öll atriði sem á kann að reyna.

F.h. Persónuverndar,


Helga Sigríður Þórhallsdóttir


Gýða Ragnheiður Bergsdóttir